



REKSTRARLAND



Ólafsbraut 55, Ólafsvík
Sími: 436 1212

JÖKULL

1013. tbl - 22. árg.

24. mars 2022



Snjóflóð í Búlandshöfða



Snjóflóð féll á veginn um Búlandshöfða á milli átta og hálf níu á þriðjudagsmorgun og var vegurinn lokaður á meðan unnið var að því að hreinsa hann.

Var þetta þriðja flóðið sem féll þarna á einum sólarhring og hefur ekki ver-

ið mikið um snjóflóð úr höfðanum í vetur.

Myndina tók ljósmyndari á meðan beðið var eftir gröfu TS Vélaleigu til að stinga í gegnum flóðið svo hægt yrði að opna fyrir umferð en töluverður fjöldi bíla var fastur sitt hvoru megin við.

þa



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímarpantanir í síma 436-1111

Kúttmagakvöld í Grundarfirði

Lionsklúbbur Grundarfjarðar hélt um liðna helgi Kúttmagakvöld í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Yfir 80 manns mættu í sjávarréttaveislu og voru borðin svo hlaðin að þau svignuðu undan kræsingum. Þorkell Cyrusson sá um veislustjórn og var það í höndum sönghópsins MÆK að

skemmta gestunum. Einnig var happadrætti með veglegum vinningum en kvöldið var söfnunarverkefni hjá klúbbnum. Mun ágóðinn annars vegar vera nýttur í styrk upp í snjótröðara fyrir Skíðasvæði Snæfellsness og hins vegar í tækjakaup í safnaðarheimilið í Grundarfjarðarkirkju.

sj



Getraunir 1X2

Getraunakaffið féll niður síðasta laugardag vegna veikinda. Það kom samt ekki í veg fyrir að fylltir voru út nokkrir getraunaseðlar til styrktar Víkingi, því tryggir þátttakendur hringdu bara í starfsmanninn, sem gekk frá seðlunum. Auðvelt er að vinna að heiman í þessu sem öðru. Næsti seðill er ekki með leikjum úr enska boltanum og flokkast því sem auðveldur. Svo kemur það í ljós á sunnudaginn hvort svo sé! Átta umferðir eru eftir í Enska boltanum, auk nokkurra frestaðra leikja. Næsta heila umferð er 2. apríl og svo verður leikið óslitið til 22. maí, en þá er lokaumferðin hjá þeim ensku og líklega einnig hjá okk-

ur. Lítil áhugi hefur verið að spila í getraununum yfir sumartímann, eða þegar leikir frá Skandinavíu eru í aðalhlutverki á seðlunum. Ég vill því hvetja fólk til að koma, taka þátt og með því styrkja Víking. Verðum í Áttthagastofunni á milli kl. 11.00 og 12.00 á laugardaginn. Kaffi á könnunni og alltaf einhverjir til í að spjalla um boltann og annað merkilegt. Með góðri þátttöku í getraununum sýnum við strákunum að við ætlumst til að þeir leggi allt í sölurnar til að koma liðinu aftur upp í 1. deild, þar sem það á heima.

Áfram Víkingur



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Rauði krossinn

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Rauða krossins í Snæfellsbæ
verður haldinn
miðvikudaginn 30. mars 2022
kl. 20.00
í Áttthagastofunni.

Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórn Rauða krossins Snæfellsbæ



Guðsþjónusta

Grundarfjarðarkirkju

**sunnudaginn
27. mars kl. 11.00**

Velkomin öll og alltaf

Aflafréttir



Dagana 14. til 20. mars komu á land í höfnum Snæfellsbæjar alls 559 tonn í 34 löndunum. Í Rifshöfn komu á land þessa daga 457 tonn í 19 löndunum, í Ólafsvíkurrhöfn 88 tonn í 13 löndunum og á Arnarstapa 14 tonn í 2 löndunum. Eins og sjá má hefur dregið úr aflanum og róðrum enda farið að stytast í hrygningarstoppið sem hefst 1. apríl n.k. Handfærabátum sem róa hefur fjölgað enda vorið í nánd en 6 bátar lönduðu 16 tonnum í 9 löndunum. Hjá dragnóta bátun-

um landaði Esjar SH 53 tonnum í 4, Steinunn SH 47 tonnum í 2, Magnús SH 39 tonnum í 2, Matthías SH 27 tonnum í 1 og Rífsari SH 21 tonni í 1 löndun. Hjá litlu línu bátunum landaði Kristinn HU 14 tonnum í 2, Særaf SH 8 tonnum í 1, Brynja SH 4 tonnum í 1 og Lilja SH 2 tonnum í 1 löndun. Hjá stóru línu bátunum landaði Örvar SH 66 tonnum í 1, Rífsnes SH 62 tonnum í 1 og Hamar SH 18 tonnum í 1 löndun. Tveir neta bátar lönduðu þessa daga Bárður SH 161 tonni í 6 löndunum og Ólafur Bjarnason SH 22 tonnum í 1 löndun.

Þessa sömu daga komu á land í Grundarfjarðarhöfn alls 712 tonn í 15 löndunum. Tveir handfæra bátar lönduðu þessa daga og lönduðu þeir 5 tonnum í 2 löndunum. Einn bátar á sæbjúgnaveiðum landaði Bára SH og landaði hún 5 tonnum í 2 löndunum. Hjá botnvörpu bátunum landaði Drangey SK 210 tonnum í 1, Pálína Þórunn GK 69 tonnum í 1, Runólfur SH 61 tonni í 1 og Hringur SH 39 tonnum í 1 löndunum. Fjórir neta bátar lönduðu þessa daga og landaði Brynjólfur VE 130 tonnum í 3, Kap II VE 116 tonnum í 2, Jökull ÞH 43 tonnum í 1 og Geir ÞH 33 tonnum í 1 löndun.

HINSEGINHÁTÍÐ VESTURLANDS 2022



22 - 24 JÚLÍ

TAKIÐ HELGINA FRÁ
SJÁUMST Í ÓLAFSVÍK

@HINSEGINVEST

#HINSEGINVEST #HINSEGINVEST22

Óskað eftir tilboðum í þekju og lagnir



Hafnarsjóður Snæfellsbæjar hefur óskað eftir tilboðum í verk-
ið Ólafsvík-Norðurtangi þekja og
lagnir 2022. Helstu verkþættir
eru að steypa eitt rafbúnaðarhús
og tvo stöpla undir ljósamöstur
ásamt því að leggja ídráttarrör
fyrir rafmagn. Leggja vatnslögn
og koma fyrir vatnsbrunnnum,
leggja fráveitulögn og koma fyr-

ir niðurföllum grófjafna yfirborð
og þjappa, fínjafna síðan undir
steypu. Slá upp mótum, járn-
binda og steypa þekju alls um
2.840 rúmmetrar. Skal verkinu
vera lokið eigi síðar en 30. sept-
ember 2022 og verða tilboðin
opnuð kl. 14:00 þriðjudaginn
29. mars 2022.

þa

LIND
FASTEIGNASALA

ÁRALÖNG ÞEKING
OG REYNISLA AF
FASTEIGNAMARKAÐI
Á VESTURLANDI

Allir kaupendur og seljendur fá
Vildarkort Lindar
sem veitir **30% afslátt**
hjá fjölmörgum fyrirtækjum



BOGI MOLBY
Löggiltur fasteignasali
699 3444
molby@fastlind.is

þa

Orlofshús 2022

Verkalýðsfélag Snæfellinga bíður upp á dvöl í orlofshúsum félagsins sumarið 2022,

Svignaskarð, Húsafell og Akureyri.

Opið er fyrir umsóknir um sumarúthlutun frá 25. mars til og með 15. apríl.

Félagsmenn geta einnig sótt um niðurgreiðslur á :

Ferðavögnum, orlofshúsum innanlands ásamt húsi félagsins á Spáni.

Endurgreiðsla getur verið kr. 20.000 á 24 mánaða tímabili, þó aldrei meira en 50% af reikningi.

Umsóknum er skilað rafrænt á heimasíðu félagsins verks.is.

Minum á Vinaminni - orlofsíbúð á Alicante svæðinu á Spáni,

enn eru lausar dagsetningar, nánari upplýsingar á www.verks.is, tölvupósti verks@verks.is og í síma 588 9191.

Einnig bjóðum við félagsmönnum okkar upp á gistingu Fossfélaga.



Nótan fór fram í Stykkishólmi

Laugardaginn 19. mars fór Nótan fram í Stykkishólmskirkju. Líkt og kom fram í 1011. tölublaði Jök-

uls er Nótan uppskeruhátíð tónlistarskóla á Íslandi og voru tónleikar fyrir Vesturland og Vestfirði

haldnir í Stykkishólmi.

27 nemendur frá 6 tónlistarskólum af Vesturlandi og Vestfirðum tóku þátt í uppskeruhátíðinni. Fulltrúar Tónlistarskóla Grundarfjarðar voru Einir Hugi Guðbrandsson og Haukur Orri Bergmann Heiðarsson og spiluðu þeir á rafgítar ásamt Valbirni Snæ Lillendahl. Tónlistarskóli Snæfellsbæjar átti enga fulltrúa á Nótunni í ár. Planíð var að mæta en eins og svo oft áður setti Covid

strik í reikninginn, allir nemendur og kennarar sem ætluðu sér að taka þátt smituðust af veirunni og því þurfti að hætta við þátttöku í fyrsta skiptið í mörg ár. Þó svo að Tónlistarskóli Snæfellsbæjar hafi ekki átt fulltrúa í ár átti Snæfellsbær hins vegar einn. Kristján Steinn Matthíasson æfir í Tónlistarskólanum á Akranesi og spilaði hann á trommur með hljómsveit sinni á Nótunni.

sj



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður